



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGODINN

GLEÐILEGT NÝTT ÁR

Kæru nemendur og forráðamenn

Gleðilegt nýtt ár og takk fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Árið 2003 var viðburðarríkt í skólanum okkar og margt skemmtilegt sem á daga okkar dreif.

Líklega var þó ánægjulegasti atburðurinn þegar nemendur og starfsfólk skólans söfnuðu til handa þeim sem minna mega sín í stað þess að gefa hvort öðru jólapakka. Upphæðin var afhent Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar þann 19. desember á síðustu jólaskemmtun.

Mæðrastyrksnefnd sendi öllum í skólanum jólakveðju með eftirfarandi texta:

*Kæru skólabörn í Áslandsskóla
Hjartans þakkir fyrir ykkar frábæru hugmynd
að safna fyrir fátækum börnum í Hafnarfirði.
Upp úr umslögunum kom alls **kr. 86.677.-**,
sýnir það og sannar að margt smátt gerir eitt
stórt.*

Gleðilegt ár, óskum við ykkur öllum.

*F.h. Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar
Erna S. Mathiesen*

Þetta sýnir enn og sannar hversu öflugur og samhendur hópur er í Áslandsskóla. Það er geysilega mikilvægt í uppbyggingu okkar fallega skóla og hjálpar okkur í öruggum og ákveðnum skrefum í uppbyggingarferlinu.

Eins og alkunna er eru miðsvetrarpróf nú að hefjast. Þá verður kannað hversu mikilli færni nemendur hafa náð í ákveðnum námsgreinum. Vart þarf að ítreka að próf sem þessi eru nemendum og skólanum mjög mikilvæg, þar sem þau gefa til kynna

Prófin gefa einnig til kynna hversu hart nemendur hafa lagt að sér við námið fyrri hluta skólaársins.


Lítill hluti nemenda virðist telja nóg að renna yfir námsbækurnar stuttu fyrir próf en svo er aldeilis ekki. Markvisst og reglulegt heimanám skilar nemendum alltaf betri árangri og með slíku temja þeir sér mun árangursríkari vinnubrögð en ella.

Morgunstundir hafa margar hverjar verið sérstaklega vel heppnaðar í vetur. Þriðjudagsmorgunin 16. desember var haldin morgunstund með öllum nemendum skólans á sal. Ekki er auðvelt að koma öllum hópnum fyrir á sal í einu en eftir að það var klárt gekk stundin afskaplega vel. Víst er að slíkar stundir verða með reglubundnum hætti framvegis.

Dygðavinna heldur áfram og til vors eru það sjálfsagi, þolinmæði, sköpunargleði, virðing og vinsemd sem unnið verður út frá. Innan tíðar kemur sérstakur tengill á vefsetri skólans helgaður lífsleikni. Þar verður m.a. að finna skipulag morgunstunda til vors.


Um leið og ég óska nemendum velfarnaðar í komandi miðsvetrarprófum óska ég öllum í skólasamfélaginu í Áslandi gæfu á komandi ári.

Leifur S. Garðarsson
Skólastjóri



**Markvisst og
reglulegt
heimanám
skilar
nemendum
alltaf betri
árangri og
með slíku
temja þeir sér
mun
árangursríkari
vinnubrögð en
ella.**

Skólafatnaður



Á vordögum var ákveðið að taka í notkun skólafatnað í Áslandsskóla.

Slíkt var samþykkt einróma á aðalfundi foreldrafélags skólans.

Í byrjun var notkun góð og almenn samstaða um að allir kæmu í skólafatnaði í

skólann. Nú bregður hins vegar svo við að þó nokkur hluti nemenda slær slöku við í þessum efnum og er það miður.

Skólastjórnendur óska því eftir að nemendur og forráðamenn skoði sinn hug hvað þetta varðar og að notkun verði almennari en hún er í dag.



Nýtt matartímabil – 26. janúar

“Nýtt mataráskriftartímabil hefst 26. janúar.”

Nýtt mataráskriftartímabil hefst 26. janúar n.k. Skráningarblöð munu berast með börnunum heim mánudaginn 19. janúar.


Áriðandi er að skráningarblöð berist skrifstofu skólans eigi síðar en **fimmtudaginn 22. janúar.**

Skráningarblað verður einnig hægt að nálgast á heimasíðu skólans www.aslandsskoli.is undir “eyðublöð”.

Vinsamlega athugið að ekki verður tekið við skráningarblöðum nema að kvittun fyrir greiðslu fylgi með.

Kvittun er einnig hægt að senda á netfangið sigrunlo@ismennt.is eða faxes í númerið 5854610.

Skólanum er heimilt að hafna þeim skráningum sem berast á skrifstofu eftir síðasta skiladag sem er að þessu sinni **22. janúar.**



Kennaraskipti

Smávægileg kennaraskipti urðu nú um áramótin.

Jónína Einarsdóttir, umsjónarkennari Tunglheima fór í barnsburðarleyfi og við starfi hennar tók **Halla Sigurgeirsdóttir**. Halla var áður kennari í Öldutúnsskóla.

Þórunn Erla Stefánsdóttir,

sem kennt hefur Jöklaheimum lét af störfum.

Hulda Gunnarsdóttir, sem leyst hefur af í starfi aðstoðarskólastjóra, tekur við starfi umsjónarkennara í Jöklaheimum og kennir hluta stundatöflu bekkjarins í janúar. Hulda verður áfram

aðstoðarskólastjóri út janúar er **Unnur Elfa Guðmundsdóttir** kemur aftur til starfa. Þangað til kennir **Hrafnkell Kristjánsson** um 12 tíma í bekknum.

Matthildur Rúnarsdóttir, umsjónarkennari Dulheima, fór í barnsburðarleyfi. **Anne Birgitte Johansen** er nýr

Framhaldsskólaheimsóknir

Val á náms- og starfsvettvangi er ein mikilvægasta ákvörðun sem einstaklingur tekur. Nú er svo komið að ungt fólk hefur aldrei átt kost á að velja milli jafn margra námsleiða og starfa. Það fer heldur ekki fram hjá neinum að heimur náms- og atvinnulífs er síbreytilegur og flókinn. Nú er árið 2004 – vorið 2005 standa börnin ykkar frammi fyrir því að velja sér framhaldsnám auk þess sem þau verða að taka ákvörðun um í hvaða skóla þau vilja stunda námið. Það er afar mikilvægt að val þeirra heppnist vel – að það sé í samræmi við hæfileika þeirra og áhuga.

Við hér í Áslandsskóla viljum stuðla að því að nemendur okkar vandi valið og taki ákvörðun út frá eigin skoðun eða ósk og standi þannig að ákvörðuninni með sjálfstæðum hætti.

Við viljum hvetja nemendur til þess að fara eftir:

Hæfileikum sínum...
Metnaði sínum...
Ánægju sinni af ...
Persónulegum markmiðum...
Áhuga sínum...
Hentisemi sinni...

Við viljum síður að þeir fari eftir:

Vinunum...

Hindrunum sem eru vegna...
Kröfum sem...
Fjölskyldu sinni...
Nauðsyn þess að gera eins og...
Andrúmsloftinu í bekknum...
Þrýstingi frá...
Tilviljunum...

Sá sem tekur ákvörðun eftir því hvaða skoðun eða ósk er ráðandi í umhverfi hans hefur staðið að ákvörðuninni með ósjálfstæðum hætti.

Nemendur í 9. bekk hafa allir tekið áhugasviðskönnun í þeim tilgangi að velja fyrir sér áhuga sínum. Með þeim hætti hafa þau fengið tækifæri til þess að spyrja hvaða leið er best að fara til þess að læra það sem áhuginn beinist að núna. Auðvitað eiga þær vangaveltur eftir að breytast og þróast því áhuginn breytist með reynslu og þroska. Nemendur geta komið og rætt hugmyndir sínar við námsráðgjafa hvenær sem þeir sjá hjá sér þörf til þess og jafnvel tekið aðra áhugasviðskönnun síðar.

Það hefur verið mér sönn ánægja að ræða þessi mál við nemendur í 9. bekk því áhuginn er mikill nú þegar. Þeir hafa sýnt því áhuga að kynnst framhaldsskólunum betur og fara í heimsókn á vettvang.

Almennt tíðkast ekki að nemendur 9. bekkjar fái

skólakynningar. Venjan hefur verið að bjóða 10. bekk í heimsókn. Ég tel þó ýmislegt mæla með því að hefja þessar kynningar árinu fyrir. Eins og áður hefur komið fram er vandamt verk að velja sér nám við hæfi. Þá er ljóst að því fyrir sem nemendur gera sér grein fyrir getu sinni og eða vangetu því betra – áhuginn eykst ef tilgangurinn er skýr. Þetta tvennt skiptir sköpum í öllu námi. Ef nemendur finna mátt sinn einhvers staðar er von til þess að þeir leggi sig fram, jafnvel þeir sem ekki höfðu hirt um að læra áður.

Til þess að geta tekið heilvænlega ákvörðun með sjálfstæðum hætti er nauðsynlegt að sjá með eigin augum það sem í boði er. Þeir framhaldsskólar sem ég hef haft samband við hafa tekið mjög vel í það að fá okkur í heimsókn. Vert er að geta þess að þeir segja ekkert því til fyrirstöðu að við komum aftur næsta vetur ef einhverjir vilja skoða og spyrja meira þá.


Við erum þegar farin að kynna krökkunum framhaldsskólana. Fyrir áramótin kom aðili frá Fjölbrotaskólanum í Breiðholti og kynnti sinn skóla. Hann hafði á orði hvað hópurinn var áhugasamur og kurteis. Við erum velkomin þangað þegar við viljum.

Við fáum heimsókn frá Flensborgarskólanum nú í febrúar og förum svo í könnunarleiðangur þangað í kjölfar heimsóknarinnar. Lönskólinn í Reykjavík verður heimsóttur um miðjan febrúar.

Heimsóknir sem þessar kalla á ferðalög til Reykjavíkur. Ákveðið hefur verið að nemendur taki strætó í bæinn á skólatíma. Nemendur verða sjálfir að bera kostnað af ferðunum.

Að lokum vil ég nefna það að ykkur er velkomið að koma í heimsókn í kennslustund og kynna starf ykkar og eða áhugamál. Það væri skemmtileg tilbreyting og dýrmæt fræðsla fyrir nemendur. Ef þið sjáið ykkur fært að líta við eruð þið beðin um að láta Björgu Haraldsdóttur umsjónarkennara vita áður svo hægt verði að undirbúa komu ykkar.

Björk Einisdóttir
Náms og starfsráðgjafi



Styðjum börnin í prófunum

Nú nálgast prófin óðfluga og því þykir okkur hér í Áslandsskóla mikilvægt að minna foreldra á að styðja við börnin sín á því mikilvæga tímabili sem framundan er. Við vitum að stuðningur foreldra skiptir miklu máli þegar nám er annars vegar. Þá er ekki þar með sagt að foreldrar eigi að sitja og læra með barninu heldur að sýna því áhuga, fylgjast með og aðstoða þegar á þarf að halda.

Hvernig foreldrar geta aðstoðað:

Stuðningur

Sýndu þolinmæði og skilning því að tíminn sem prófin standa yfir er streitutími fyrir marga.

Uppörvun

Yttu undir sjálfstraustið sem skiptir svo miklu máli til að ná góðum árangri í námi.

Aðstoða til náms

Sjáðu til þess að til sé einhver aðstoða þar sem hægt er að læra út af fyrir sig og án trufllana

Raunhæf hjálp

Það er afar mikil hjálp fólgin í því að taka þátt í því með barninu að skipuleggja tímaáætlanir fyrir nám og upprifjanir - Ekki með því að segja, "þú gerir þetta svona..." heldur, "hvernig hefur þú hugsað þér að nota tímann..." Gangið úr skugga um að tímaáætlanirnar falli að venjum fjölskyldunnar og að hægt sé að fara eftir þeim – eitt er að gera áætlun en annað að fara eftir henni. Það að vera til staðar til að tala um hlutina, einkum þegar ekki virðist ganga vel, getur gert gæfumuninn.

Björk Einisdóttir
Náms- og starfsráðgjafi

Próftafla unglिंगadeildar miðvetur 2004

Fimmtudagur	15. janúar 2004
<i>Klukkan</i>	<i>Námsgrein</i>
08:30	Enska
11:30	Samfélagsfræði
Föstudagur	16. janúar 2004
<i>Klukkan</i>	<i>Námsgrein</i>
08:30	Íslenska
11:30	Stafsetning
Mánudagur	19. janúar 2004
<i>Klukkan</i>	<i>Námsgrein</i>
08:30	Danska
11:30	Náttúrufræði
Þriðjudagur	20. janúar 2004
<i>Klukkan</i>	<i>Námsgrein</i>
08:30	Stærðfræði
11:30	Námstækni

Á milli prófa fá nemendur í unglिंगadeild aðstöðu við að undirbúa sig fyrir næsta próf sem er þann dag.

Bókasafn skólans verður opið svo nemendur geti nýtt sér það til lesturs **í ró og næði.**

Mikilvægt er að nemendur mæti **stundvíslega** til prófa og vel undirbúnir.

Þá er mikilvægt að nemendur hafi meðferðis öll tilskilin **gögn** og engin önnur.

Aðrar próftöflur hafa borist frá umsjónarkennurum.

Allar próftöflur
eru á
www.aslandsskoli.is

***Hvar er, hvar er, hvar er, hvar er
strokeðrið,
hvar er strokeðrið,
hvar er strokeðrið?***

Nokkuð hefur borið á því að ýmis gögn og áhöld vanti í skólatöskur nemenda nú þegar skólaárið er hálfnað.

Því viljum við hvetja forráðamenn nemenda til að fara vel yfir skólatösku nemenda. Athuga hvort pennaveskið hefur ekki að geyma tilskilin áhöld, hvort möppur og annað slíkt sé í góðu standi o.þ.h.

Klæða sig eftir veðri

Vart hélt maður að minna þyrfti á þetta í hlíðum Ásfjalls en þess þarf nú samt.

Forráðamenn eru beðnir að sjá til þess að nemendur klæði sig eftir veðri þegar haldið er í skólann. Nemendur fara út í frímínútur og því er betra að vera aðeins of mikið klæddur en of lítið.

Vissulega skipast veður skjótt í lofti hér í fjallinu en hér er samt sem áður hægt að gera betur.

Kríúasi 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is



Flórgoðinn
Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:
Leifur S. Garðarsson, skólastjóri